

STAÐAN Í DAG

Þrjú leikskólar eru reknir á svæðinu; Tjarnarbrekka á Bíldudal (undir stjórn Bíldudalsskóla), Vinabær (undir stjórn Tálknafjarðarskóla) og Araklettur á Patreksfirði (1-4 ára). Leikskóladeild fyrir 5 ára börn er rekin undir Patreksskóla). Vöntun er á þjónustu fyrir leikskólabörn á Barðaströnd sem fer fjölgandi. Leikskólahúsnæði á Tjarnarbrekku ásamt skólalóð er ónýt og uppfyllir ekki nútímakröfur, húsnæði Vinabæjar er ekki hentugt sem leikskólahúsnæði en verið er að endurbæta skólalóðina, verið að bæta rými leikskólahúsnæðis á Arakletti en viðhald á eldra húsnæði ábótavant auk þess eru engin áform um að laga leikskólalóðina.

Þrjú grunnskólar eru reknir á svæðinu; Bíldudalsskóli, Tálknafjarðarskóli og Patreksskóli. Óvissa er með skólahúsnæðið á Bíldudal og beðið eftir svörum um ástand húsnæðisins. Miklar endurbætur hafa verið á húsnæði Tálknafjarðarskóla, verið að færa mótuneyti á neðri hæð skólans og ásamt endurbótum á skólalóð. Skólahúsnæðið á Patró uppfyllir ekki kröfur. Gott samstarf hefur verið á milli skólanna í VB og Tfj. á öllum skólastigum. Nemendur frá Barðaströnd sækja nám í Patreksskóla og er leiðin löng og erfið. Mikill skortur á list- og verkgreinakennslu t.d. tónmennt, dans, leiklist.

Íþróttastarf á svæðinu er blómlegt en fer að mestu leyti fram á Patreksfirði vegna fjölda barna. Leggja þarf meiri áherslu á einstaklingsíþróttir því ekki næst alltaf mannskapur í lið. Ágætis aðstaða til íþróttaiðkunar en Völuvöllur er kominn á viðhaldsstig. Almenningsrúta sem gengur á milli staða miðast frekar að fyrirtækjum en börnum en börnum í 5.-10. bekk frá Bíldudal og Tálknafirði gefst þar tækifæri að sækja æfingu einu sinni á dag á Patreksfirði endurgjaldslaust. Það vantar fleiri möguleika í tómstundavali, utan íþróttar. Lítið í boði fyrir yngsta stig og miðstig annað en íþróttir en miðstig í Vesturbyggð fer þó 2svar í mánuði í félagsmiðstöð. Þrjár félagsmiðstöðvar reknar í hverju þéttbýli þar sem unglingar geta farið 2svar í viku.

Tveir tónlistarskólar starfræktir, í Tálknafjarðarskóla og Tónlistarskóli Vesturbyggðar, tónlistarkennsla í boði fyrir 5 ára og eldri á Tálknafirði en 6 ára og eldri í Vesturbyggð. Aðstaðan á Tálknafirði og Patreksfirði ásættanleg en engin aðstaða á Bíldudal. Erfitt reynist að ráða fólk sérstaklega með tilliti til húsnæðisskorts á svæðinu. Skortur er á tónmenntakennslu í grunnskólum

Sérfræðiþjónusta og stoðþjónusta fer að miklu leyti í gegnum fjarfundabúnað. Erlendir nemendur eru ekki að tengjast vel við aðra nemendur, erfitt að koma til móts við erlenda nemendur t.d. með tilliti til lesblindu eða öðrum greiningum. Vantar aðgengi að foreldrafræðslu. Lítið í boði fyrir foreldra og börn undir 12 mánaða. Tveir starfsmenn sem sinna félagsþjónustu á svæðinu. Innleiðing á farsældarlögunum er í gangi í báðum sveitarfélögum og samningur í bígerð við Ísafjörð um barnavernd og málefni fatlaðs fólks (leiðandi sveitarfélag). Samtal og samstarf milli félagsþjónustu og skólanna gott.

SVÓT GREINING

Starfshópurinn hefur framkvæmt svokallaða SVÓT greiningu sem er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

Styrkleikar

Skólarnir hafa allir metnaðarfulla skólastefnur og sjá má metnaðarfull og fjölbreytt verkefni nemenda. Gott samstarf er á milli skólanna á svæðinu. Smæðin og stuttar boðleiðir eru mikill styrkleiki sem auðveldar samstarfið. Gott samstarf er einnig milli aðila í skólasamfélaginu (tónlista, frístund, íþróttafélaga) og góð íþróttaaðstaða er í öllum þéttbýlum (íþróttamiðstöðvar og íþróttavellir). Mikill velvilji er frá félagasamtökum og fyrirtækjum gagnvart ungmennastarfi og almennu skólastarfi. Öflug tónlistarkennsla er á öllum stöðum sem er í góðu samstarfi við skólana. Mikill stuðningur í boði fyrir starfsfólk skólanna.

Veikleikar

Samgöngurnar eru okkar helsti veikleiki og gerir aukið samstarf erfiðara þar sem um erfiða leið er að fara. Stórar rútur til þess að ferja marga nemendur á milli henta ekki á fjallvegum okkar sem verður til þess að minni skólarnir þurfa oftara að fara frá sínu heimasvæði. Vöntun er á fagmenntuðu starfsfólki og erfiðleikar eru að ráða fólk þá sérstaklega með tilliti til vöntunar á húsnæði sem verður til þess að of fáir starfsmenn sinna félags- og skólaþjónustu. Vantar einnig innviði til að skapa grundvöll fyrir því að fólk geti flutt á svæði t.d. sumarfrístund. Misstórir árgangar eru veikleiki og gerir skipulag starfs erfitt bæði í skóla- og íþróttastarfi. Lítið er um að vera fyrir börn á skólaaldri á sumrin fyrir utan íþróttir. Fáir nemendur halda áfram í tónlistarnámi eftir grunnskólann.

Ógnanir

Okkar helstu ógn er fámennið og fækkun barna, sérstaklega á Bíldudal og Tálknafirði. Þetta eru brothættar byggðir þannig að öll fólksfækkun hefur mikil áhrif á skólastarf þar sem hver einasta fjölskylda skiptir máli. Erfiðar samgöngur eru einnig ógn og auk þess er vetrarþjónusta Vegagerðarinnar skert. Viðvera skólahjúkrunarfræðinga hefur ekki verið mikil og hefur að mestu bara sinnt bóluþerfingum en fræðslu hefur verið ábótavant. Mikið er um erlent verkafólk sem kemur tímabundið, án fjölskyldna og tekur lítið þátt í samfélaginu. Húsnæðismál skólanna í Vesturbyggð eru ógn og lítið vitað um hverjar lausnirnar verða. Lítið framboð húsnæðis á svæðinu sem hefur mikil áhrif á alla uppbyggingu á svæðinu.

Tækifæri

Hópurinn sér mikil tækifæri í jarðgöngum á svæðinu sem myndi bæta samgöngur milli allra byggðakjarna. Tækifæri til innviðauppbýggingar eru mikil. Mannauðurinn á svæðinu býr yfir mikilli þekkingu og sjáum við að hægt væri að nýta styrkleika fólks af erlendum uppruna betur. Hægt væri að nýta mannauð á milli staða eða bjóða upp á störf án staðsetningar. Tækifæri eru til að auka námsframboð á svæðinu og nýta tæknina til þess. Fjölmenningarhátíð væri gott tækifæri til að kynna samfélagið okkar fyrir fólki af erlendum uppruna því oft á tíðum verða til mörg lítil samfélög sem sameinast ekki okkar samfélagi. Byggja upp gott framhalds- og háskólasamfélag þvert á námsgreinum. Tækifærin liggja einnig í því að auka stuðning við börn og fullorðna í gegnum tæknina með tilliti til sérfræðiþjónustu t.d. sálfræðings, talmeinafræðings eða annara ásamt starfsþróun og fl. Hægt væri að auka úrval af afþreyingu fyrir börn allt árið um kring og dreifa henni yfir svæðið. Mikil aukning er á barnafjölda á Barðaströnd og geta verið ýmis tækifæri sem tengjast því td. með opnun leik- og grunnskóladeildar. Mikil tækifæri liggja í vinnuskólanum og væri hægt að fara í samstarf við önnur fyrirtæki og menningastofnanir varðandi að kynna list- og verknám fyrir börnum svæðisins. Mikilvægt

er að markaðssetja svæðið okkar vel og sjáum við tækifæri í því hvað varðar að fjölga fjölskyldufólki á svæðinu.

Samantekt

Á svæðinu er gott og öflugt skóla- og íþróttastarf en annað tómstundastarf er ábótavant. Svæðið býr yfir miklum mannauð og einstakri menningu hvers svæðis sem nýta mætti betur fyrir allt svæðið. Okkar helsti veikleiki eru slæmar samgöngur, vöntun á húsnæði og hversu brothættar byggðir við erum með. Mikil tækifæri eru á öllu svæðinu og með því að sameina krafta okkar getum við gert enn betri hluti. Við erum vön góðu samstarfi milli svæða og það mun nýtast okkur í áframhaldandi þróun hvað varðar farsæld barna.

FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn telur mikilvægast fyrir málaflokkinn að bæta samgöngur með jarðgöngum milli byggðarkjarna; Hálfán, Miklidalur og Kleifaheiði. Fjölga þarf húsnæði á svæðinu til þess að taka á mót fleira fólki og þá laða sérstaklega að fjölskyldufólk. Mikilvægt er að hlúa að og halda áfram uppbyggingu framúrskarandi skólastarfs sem getur reynst mikið aðdráttarafl fyrir svæðið. Bæta þarf mál íbúa og barna af erlendum uppruna og aðstoða betur við móttöku þeirra. Hópurinn er sammála að mikill styrkur sé í samnýtingu á sérþekkingu, aðstöðu, áhuga og mannauð hvers byggðakjarna.

Forgangsröðun verkefna við framtíðarsýn

1. Jarðgöng
2. Framúrskarandi skólastarf
3. Þjónusta við aldraða
4. Mál íbúa af erlendum uppruna